

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 57/1980. **Hörður Ólafsson**

gegn

Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar.

Kærumál. Málflutningslaun. Gerðardómar. Frávísunar- og ómerkingarkröfu hrundið. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Hinn kærða úrskurð hafa kveðið upp hæstaréttarlögmennirnir Þorsteinn Júlíusson, Helgi V. Jónsson og Jónas Aðalsteinsson svo og héraðsdómslögmennirnir Skarphédinn Þórisson og Stefán Pálsson, stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um úrskurðinn 27. febrúar 1980, hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. mars s. á., sem barst Hæstarétti 8. apríl 1980. Eru dómkröfur hans þessar:

- „(a) að málinu verði vísað frá stjórn Lögmannafélagsins;
- (b) til vara, að öll málsmeðferð þar verði ómerkt, þar með talin ályktun gjaldskrárnefndar;
- (c) enn til vara, að málinu verði vísað heim til löglegrar meðferðar;
- (d) til þrautavara, að úrskurðinum verði breytt á þá lund, að til greina verði teknar kröfur mínar samkvæmt framvísuðum reikningum;
- (e) þá er kært samkvæmt niðurlagi 21. gr. laga nr. 75/1973;
- (f) loks er krafizt málskostnaðar fyrir stjórn Lögmannafélagsins og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.“

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kröfum sóknaraðilja um málflutningslaun fyrir gerðardómum, sbr. I. og II. í hinum kærða úrskurði, verði vísað frá Hæstarétti, en að öðru

leyti verði hinn kærði úrskurður staðfestur. Til vara krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilja var gefinn kostur á að koma að frekari gögn-um í kærumáli þessu, en hann gerði það ekki.

I.

Í máli þessu er deilt um málflutningsþóknun fyrir þrjú mál, tvö gerðardómsmál og eitt mál, sem rekið er fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfu sína byggir varnaraðili á því, að hér sé um að ræða þóknun vegna málflutnings fyrir gerðardóm-um, en úrskurðir um það efni sæti ekki kæru og beri því að vísa málinu að því leyti frá Hæstarétti.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 hef-ur stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðarvald um endur-gjald fyrir málflutningsstarf. Telja verður, að ákvæði þetta taki til þóknunar fyrir málflutningsstarf bæði fyrir almenn-um dómstólum og gerðardómum eftir því sem við á. Er því heimilt að kæra fyrrgreindan úrskurð til Hæstaréttar sam-kvæmt 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942. Verður frávísunar-krafa varnaraðilja ekki tekin til greina.

II.

Kröfu sína um frávísun málsins frá stjórn Lögmannafé-lags Íslands byggir sóknaraðili í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands. Félagsstjórn-in hafi því ekki úrskurðarvald í málum hans. Í annan stað byggir sóknaraðili frávísunarkröfuna á því, að þegar stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurði mál, geri hún það sem gerðardómur. Til þess að gerðardómur bindi aðilja, þurfi samþykki beggja. Það komi ekki hér til álita, þar sem hann hafi aldrei samþykkt úrskurðarvald félagsstjórnar í máli þessu. Að endingu telur sóknaraðili, að félagsstjórnin geti einungis úrskurðað um endurgjald vegna málflutnings fyr-ir hinum almennu íslensku dómstólum. Af þeim þremur málum, sem hér sé fjallað um þóknun fyrir, sé aðeins eitt

rekið fyrir hinum almennu dómstólum hér á landi. Félagsstjórnin hafi því ekki úrskurðarvald um hin tvö.

Varnaraðili telur sóknaraðilja vera féлага í Lögmannafélagi Íslands, enda slíkt lögskilyt. Þetta skipti þó ekki máli, því að stjórn Lögmannafélags Íslands eigi úrskurðarvald um málflutningslaun án tillits til þess, hvort málflytjandinn sé félagi í Lögmannafélagi Íslands eða ekki.

Sóknaraðili er starfandi hæstaréttarlögmaður, og gilda um störf hans, réttindi og skyldur ákvæði laga nr. 61/1942. Á félagsstjórnin því úrskurðarvald um ágreining þann, sem hér er um fjallað. Úrskurðarvald stjórnarinnar byggist ekki á reglum um gerðardóma, sem aðiljar semja um, og skiptir því ekki máli, þótt sóknaraðili hafi ekki samþykkt, að stjórnin fjallaði um málið. Með vísan til þess, sem segir í I. lið hér að framan, verður talið, að félagsstjórninni sé heimilt að skera úr ágreiningi um þóknun fyrir flutning mála fyrir gerðardómum.

Verða því frávísunarkröfur sóknaraðilja ekki til greina teknar.

III.

Kröfur sínar um ómenkingu og heimvísun hins kærða úrskurðar byggir sóknaraðili á því, að honum hafi eigi verið gefinn kostur á að rita greinargerð í málinu og hann hafi eigi fengið endurrit skjala, sem varnaraðili hafi lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili hefur talið, að sóknaraðilja hafi verið gefinn fullur kostur á að gæta réttar síns. Það sé hans eigið mál, hvort hann hafi neytt þess réttar.

Mál þetta hófst með kærubréfi varnaraðilja til stjórnar Lögmannafélags Íslands 14. nóvember 1979. Var málið tekið fyrir á stjórnarfundi sama dag. Var þá ákveðið að senda sóknaraðilja afrit kærubréfsins og óska umsagnar hans fyrir 28. s. m. Sóknaraðili óskaði eftir lengri fresti, og veitti stjórnin þá frest til 11. desember s. á. Umsögn sóknaraðilja barst félagsstjórninni 13. desember s. á. Félagsstjórnin ákvað, að málið skyldi munnlega flutt og munnlegur málflutningur skyldi fram fara 23. janúar 1980. Var sóknaraðilja tilkynnt

um þetta með ábyrgðarbréfi. Ekki kom sóknaraðili þann dag fyrir stjórnina, og var málið síðan tekið til úrskurðar.

Af framangreindu er ljóst, að sóknaraðilja hefur verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og túlka sín sjónarmið fyrir félagsstjórninni. Þykir ekki ástæða til að ómerkja hinn kærða úrskurð af þessum sökum.

IV.

Eins og áður hefur verið getið, er í máli þessu deilt um málflytningþóknun fyrir þrjú mál:

1. Gerðardómsmálið Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar gegn Rederiet Ole E. Kristensen:

Sóknaraðili flutti mál þetta af hendi varnaraðilja. Var það rekið fyrir gerðardómi hér í Reykjavík. Varð gerð upp sögð 11. júlí 1979. Var Rederiet Ole E. Kristensen gert að greiða varnaraðilja 7.850.20 dollara og 130.673.20 danskar krónur ásamt 10% ársvöxtum af 7.850.20 dollurum frá 20. september 1977 til greiðsludags og sömu ársvöxtum af 130.673.20 dönskum krónum frá 20. júlí 1977 til greiðsludags. Þá var fyrirtækinu gert að greiða 800.000 krónur í málskostnað og þóknun til gerðarmanna.

Sóknaraðili virðist reikna sér 4.469.122 krónur í þóknun fyrir flutning máls þessa.

2. Gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Peacock Salt Ltd.

Mál þetta er rekið fyrir gerðardómi í Amsterdam. Sóknaraðili, sem fór með málið af hendi varnaraðilja, telur dómkröfur nema 4.056.568 krónum auk vaxta til 20. maí 1980, alls 1.359.608 krónur. Hann kveður gagnaöflun lokið og málið búið til munnlegs flutnings. Hefur hann reiknað sér 916.411 krónur í þóknun fyrir þetta mál.

3. Hæstaréttarmálið nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjónsson gegn Metro Shipping & Finance Ltd.

Sóknaraðili fór með mál þetta af hendi varnaraðilja. Það var þingfest fyrir Hæstarétti 1. nóvember 1978, en frestað til munnlegs flutnings í október 1979. Bíður það nú munnlegs flutnings.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 14. júní 1978, og var varnaraðilja, Guðbirni Guðjónssyni, dæmt að greiða £ 8.342.60 með 13% ársvöxtum frá 12. maí 1975 til greiðsludags og 686.000 krónur í málskostnað.

Sóknaraðili virðist reikna sér 1.472.661 krónu í málflutningslaun.

Þar sem varnaraðili hefur krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þykir mega taka þá kröfu hans til greina, eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir Hæstarétt.

Engin efni eru til þess að dæma í máli þessu viðurlög samkvæmt lokaákvæðum 21. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 200.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hörður Ólafsson, greiði varnaraðilja, Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar, 200.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 20. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. janúar 1980, eftir að sóknaraðili hafði flutt sókn, var lagt fyrir stjórn LMFÍ með bréfi sóknaraðilja, dags. 14. nóvember 1979, þess efnis, að stjórn LMFÍ úrskurði lögmannsbókun Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns fyrir gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Rederiet Ole Kristensen, gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Peacock Salt Ltd. og hæstaréttarmálið nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjónsson gegn Metro Shipping & Finance Ltd.

Auk þess krafðist sóknaraðili, að varnaraðili greiddi honum inneign hans hjá honum, um kr. 9 millj., auk hæstu dómvaxta og alls kostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við flutning sóknar breytti sóknaraðili kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að endurgjald fyrir málflutningsstörf varnaraðilja í hinum tilgreindu málum yrði úrskurðað samtals kr. 3.530.850 og auk þess yrði varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað að mati stjórnar LMFÍ í máli þessu.

Af hálfu varnaraðilja hefur ekki verið mætt við fyrirtekt máls þessa, en hann sendi stjórn LMFÍ bréf, dags. 11. des. 1979, um afstöðu sína til málsins. Í því bréfi kveðst varnaraðili hvorki samþykkja að flytja mál þetta fyrir stjórn LMFÍ né hlíta dómi (sic) hennar í því. Varnaraðili tekur fram, að stjórn LMFÍ sé ólaunaður dómstóll, sem tæpast sé hægt að ætlast til, að leggi á sig þá vinnu, sem til þurfi í máli þessu, og auk þess sé varla hægt að ætlast til þess, að stjórnin geti litið óhlutdrægt á málið vegna ágreinings varnaraðilja við LMFÍ um greiðslu félagsgjalda.

Að öðru leyti hefur varnaraðili ekki haft uppi eða komið kröfum sínum á framfæri við stjórn LMFÍ þrátt fyrir boðanir og tilkynningar stjórnarinnar til varnaraðilja um fyrirtektir málsins og flutning þess.

Varnaraðili hefur leyfi til málflutnings við Hæstarétt, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, og er sem slíkur félagi í LMFÍ skv. ákvæðum 7. gr. sömu laga, og af því leiðir, að mál þetta er réttilega borið undir stjórn LMFÍ, sem hefur úrskurðarvald í því skv. 1. mgr. 8. gr. sömu laga.

Málsatvik skv. framlögðum skjölum og sókn sóknaraðilja eru þessi:

I.

Varnaraðili flutti gerðardómsmálið Guðbjörn Guðjónsson gegn Rederiet Ole Kristensen fyrir sóknaraðilja. Dómur var upp kveðinn í því máli hinn 11. júlí 1979, svohljóðandi:

- „1. Rederiet Ole E. Kristensen greiði sækjanda málsins, Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, 75,785% af \$ 10.358,50 eða \$ 7.850,20 og 75,785% af D kr. 172.426,17 eða D kr. 130.673,20. Vextir af nefndum upphæðum skulu vera 10% á ári og reiknast á \$ 7.850,20 frá 20. sept. 1977 til greiðsludags og á D kr. 130.673,20 frá 20. júlí 1977 til greiðsludags, enda hafi flutningskostnaður verið að fullu greiddur 20. júlí 1977.
2. Varnaraðili, Rederiet Ole E. Kristensen, skal eiga gagnkröfu á hendur kaupendum saltsins, og ber sóknaraðila, Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun, að láta í té þau gögn, sem sýna, hverjir voru viðtakendur saltsins og hvert magn hver fékk og hverjar greiðslur voru inntar af hendi. Slíkar greiðslur skulu koma til frádráttar að 75,785 hundraðshlutum frá bótageiðslum varnaraðila. Endurkrafa á hendur kaupendum saltsins samkvæmt ofanskráðu skal miða við þennan hundraðshluta.
3. Sækjandi þessa máls, Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun,

skal fá greiddan málskostnað úr hendi varnaraðilja, ísl. kr. 800.000. Þá skal varnaraðili greiða kostnað við gerðardóm, ísl. kr. 500.000.“

Þessi dómskuld var gerð upp af hálfu dómþola hinn 29. október 1979 með ísl. kr. 16.018.955, en áður höfðu verið greiddar d. kr. 15.905.24, þannig að höfuðstóll dómskuldarinnar ásamt vöxtum nam samtals ísl. kr. 17.146.990 hinn 29. október 1979.

Samkvæmt framlögðum gögnum reiknar varnaraðili „málflutningskaup“ sitt fyrir mál þetta sem kr. 4.469.122 skv. bréfi til sóknaraðilja, dags. 5. nóv. 1979, en áður hafði hann sent sóknaraðilja reikning fyrir sama mál, dags. 27. febrúar 1979, að fjárhæð kr. 2.038.599. Í bréfi, dags. 7. nóvember 1979, kveðst hann reikna sér kr. 2.234.561 fyrir mál þetta í laun.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. gjaldskrár LMFÍ frá 30. mars 1979, leiðrétt 19. sept. 1979, næmi lágmarksgreiðsla miðað við greidda fjárhæð í máli þessu kr. 1.985.289.

II.

Í framhaldi af máli því, sem um er rætt undir tölulið I, lagði varnaraðili mál fyrir gerðardóm í Amsterdam vegna sömu lögskipta. Það gerðardómsmál er nú rekið þar til heimtu þess hluta kröfu sækjanda gerðardómsmálsins, sem ekki fékkst viðurkenning á með dómi gerðardómsins skv. tölulið I.

Varnaraðili hefur reiknað hagsmuni umbjóðanda síns í því máli kr. 5.416.176 pr. maí 1980 og reiknar sér í málflutningsþóknun miðað við þá fjárhæð kr. 916.411 „að svo stöddu“ (bréf dags. 7. 11. 1979).

Flutningur máls þessa hefur ekki farið fram, en varnaraðili kveður það tilbúið til flutnings, sbr. bréf hans, dags. 7. nóvember 1979.

Miðað við það, að 75,785% kröfu sóknaraðilja máls þessa hafi verið greidd við lyktir máls skv. tölulið I, nema eftirstöðvar kröfunnar, hagsmunirnir, kr. 4.152.144 pr. október 1979. Miðað við þá fjárhæð næmi lágmarkspóknun fyrir mál þetta skv. ákvæðum í 5. gr. gjaldskrár LMFÍ frá 30. mars 1979, leiðrétt 19. sept. 1979, kr. 722.822.

III.

Í þriðja lagi er óskað úrskurðar um þóknun varnaraðilja fyrir Hæstarétti í hæstaréttarmálinu nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjóns-

son gegn Metro Shipping & Finance Ltd., en varnaraðili sá um áfrýjun þess máls.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar 4. sept. 1978 og var frestað til munnlegs flutnings 1. október 1979.

Varnaraðili reiknar hagsmuni umbjóðanda síns í máli þessu með vöxtum pr. 1. október 1980 samtals kr. 11.438.012 og reiknar síðan málskostnað á þeim grundvelli sem kr. 1.475.541, en áskilur sér rétt til breytinga vegna gengismunar, þegar dómur gengur. Þessi fjárhæð var skuldfærð 7. nóvember 1979 af hálfu varnaraðilja skv. bréfi hans, dags. þann dag.

Hagsmunir sóknaraðilja pr. 7. nóvember 1979, höfuðstóll og vextir, miðað við útreikningsaðferð varnaraðilja, nema samtals kr. 10.660.615 og miðað við þá fjárhæð næmi lágmarkspóknun fyrir munnlegan flutning málsins skv. 1. mgr. 2. töluliðs 5. gr. gjaldskrár LMFÍ frá 30. mars 1979, leiðrétt 19. sept. 1979, kr. 1.531.243.

Samkvæmt framansögðu hefur varnaraðili reiknað sér í málskostnað af framangreindum þremur málum samtals kr. 6.861.074.

Stjórn LMFÍ sendi gjaldskrárnefnd LMFÍ skjöl máls þessa með bréfi, dags. 13. des. 1979, og óskaði álits nefndarinnar um þóknun til varnaraðilja í umræddum málum skv. heimild í 1. mgr. 11. gr. samþykktu LMFÍ. Nefndin ályktaði hinn 27. des. 1979, að hæfileg þóknun til varnaraðilja í málum þessum næmi samtals kr. 3.530.850 auk dagpeninga og útlagðs kostnaðar. Það er aftur sú fjárhæð, sem sóknaraðili gerði síðan að kröfu sinni í máli þessu við flutning þess hinn 23. janúar 1980. Ályktun gjaldskrárnefndar var ósundurliðuð, og hefur sóknaraðili ekki heldur sundurliðað kröfugerð sína.

Ekki kemur fram í gögnum málsins, að neinn samningur hafi verið í gildi milli varnaraðilja og sóknaraðilja um málskostnað eða annað endurgjald fyrir vinnu hans í þágu sóknaraðilja.

Sóknaraðili sagði varnaraðilja upp öllum málsflutningsstörfum með skeyti, dags. 8. nóvember 1979.

Málsástæður sóknaraðilja eru þær, að umkrafinn málskostnaður af hálfu varnaraðilja í málum þessum sé óréttmætur og hreinlega út í hött. Auk þess ofreikni hann fjárhæð hagsmuna þeirra, sem eigi að vera grundvöllur málskostnaðar.

Varnaraðili byggir reikningsgerð sína öðrum þræði á ákvæðum gjaldskrár LMFÍ, þó þannig, að hann reiknar sér í einu tilviki tvöfalda lágmarkspóknun skv. gjaldskrá. Í því tilviki gætir að vísu ekki samræmis milli reikninga varnaraðilja á mismunandi

tímum. Af gögnum málsins má ráða, að varnaraðili, sem einnig er löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, hefur annast þýðingu skjala sem og skjalavinnslu á ensku. Ekki sést, hvort reikningar hans fela í sér þóknun fyrir þá aðstoð sérstaklega eða ekki.

NIÐURSTAÐA.

Þegar til alls þess er litið, sem að framan er rakið um hvert einstakt framangreindra mála, fæst ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu að leggja úrskurð á þau efnislega í samræmi við ákvæði 5. gr., sbr. 1. og 3. gr. gjaldskrár LMFÍ, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

1. Málflytninguþóknun í gerðardómsmálinu Guðbjörn Guðjónsson gegn Rederiet Ole Kristensen.

Mál þetta, sem vannst af hálfu sóknaraðilja máls þessa, var að öllu leyti unnið af varnaraðilja. Dómskuldin var greidd með kr. 17.146.990, og telst sú fjárhæð hagsmunir sóknaraðilja í málinu. Á grundvelli þess og að öðru leyti með vísan til framanritaðs telst málflytninguþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, í máli þessu hæfilega ákveðin kr. 2.000.000.

2. Málflytninguþóknun í gerðardómsmálinu Guðbjörn Guðjónsson gegn Peacock Salt Ltd.

Upphafleg stefnukrafa máls þessa var sú sama og í máli sóknaraðilja gegn Rederiet Ole Kristensen. Við greiðslu á þeirri dómskuld lækkaði krafa í þessu máli um samsvarandi fjárhæð. Varnaraðili undirbjó mál þetta fyrir gerðardóm í Amsterdam, og er það nú tilbúið til meðferðar þar. Sóknaraðili sagði varnaraðilja upp störfum hinn 8. nóvember 1979, svo sem að framan er rakið. Fjárhagslegir hagsmunir í máli þessu teljast nema kr. 4.152.144, sbr. það, sem að framan er rakið þar um. Varnaraðili telst hafa unnið til liðlega helmings málflytninguþóknunar í máli þessu.

Málflytninguþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir mál þetta miðað við 8. nóv. 1979 telst hæfilega ákveðin kr. 600.000.

3. Málflytninguþóknun í hæstaréttarmálinu nr. 144/1978: Guðbjörn Guðjónsson gegn Metro Shipping & Finance Ltd.

Varnaraðili, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar Íslands hinn 4. september 1978. Hann vann að ágripsgerð í máli þessu og skilaði greinargerð í því, en því var frestað til munnlegs flutnings hinn 1. október

1979. Hagsmunir sóknaraðilja af máli þessu teljast nema u. þ. b. kr. 10.660.000.

Sóknaraðili sagði varnaraðilja upp störfum að máli þessu hinn 8. nóv. 1979, áður en til flutnings þess kom.

Varnaraðili telst hafa unnið til liðlegs helmings málflutningsþóknunar í máli þessu. Á þeim grundvelli telst málflutningsþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir störf að máli þessu miðað við 8. nóv. 1979 hæfilega ákveðin kr. 950.000.

Samtals nemur málflutningsþóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmns, vegna framangreindra mála kr. 3.550.000.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Því úrskurðast:

Þóknun Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns fyrir málflutningsstörf í þágu Guðbjörns Guðjónssonar í framangreindum málum ákveðst kr. 3.550.000.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 108/1978. **Jón L. Guðnason**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Högna Ágústssyni og

Jónínu Guðmundsdóttur

og gagnsök

(Kristján Eiríksson hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.